

Reykjavík, 16. október 2020
SFS2020110120
198. fundur
HG/adg/gms

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Niðurstöður á viðhorfum foreldra grunnskólabarna til skólans, félagsmiðstöðva og skólaþjónustunnar 2020

Helstu niðurstöður

Hlutfall foreldra sem eru á heildina litið ánægðir með skólann er 81%. Um 83% foreldra eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni *barninu mínu líður vel í skólanum*, 78% eru sammála því að börnin þeirra séu áhugasöm um að læra í skólanum og 90% að barnið taki stöðugum framförum í náminu. Um 76% foreldra eru sammála því að skólanum sé vel stjórnað og 77% segjast geta mælt með skólanum við aðra foreldra.

Um 60% barna á unglingastigi sækja sína félagsmiðstöð reglulega. Rúmlega 85% foreldra eru frekar eða mjög ánægðir með félagsmiðstöðina sem barnið þeirra sækir og tæp 85% eru frekar eða mjög sammála því að þátttaka í félagsmiðstöðvarstarfinu hafi jákvæð félagsleg áhrif á barn sitt.

Framkvæmd

Annað hvert ár er framkvæmd könnun á viðhorfum foreldra til starfsemi grunnskóla síns barns. Árið 2018 var könnunin lögð fyrir alla almenna grunnskóla borgarinnar, 34 talsins. Í ár var könnunin einnig lögð fyrir sérskólana tvo, Klettaskóla og Brúarskóla sem og þrjá sjálfstætt starfandi skóla (Suðurhlíðaskóla, Tjarnarskóla og Waldorfskólann Sólstafi). Hinir þrír sjálfstætt starfandi skólanir, Landakotsskóli, Barnaskóli Hjallastefnunnar og Landakotsskóli leggja fyrir foreldrakönnun Skólapúlsins og skila þeir þeim skýrslum til skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Í ár fengu foreldrar barna í 5. – 10. bekk einnig spurningar varðandi starfsemi félagsmiðstöðva og var Landakotsskóla bætt við í þá könnun. Þá svöruðu þeir sem þegið hafa þjónustu skólaþjónustu þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar spurningum þar að lútandi og tóku allir sjálfstætt starfandi skólarnir þátt í þeim hluta könnunarinnar.

Alls fengu foreldrar 4.544 barna almennu könnunina senda, 3.506 svör bárust og var svarhlutfallið því 77,2%. Tekið var um 120 barna úrtak úr hverjum skóla og endurspeglaði úrtakið dreifingu kynja og árganga í skólunum. Vísar rannsóknir ehf sá um gagnaöflunina og fór hún fram dagana 10. febrúar - 20. mars. Fyrst var sent á annað foreldrið en ef það hafði ekki svarað eftir ítrekanir í tölvupósti og sms þá var sent á annað skráð foreldri. Hending réði því

hvort foreldrið fékk könnunina senda fyrst. Ekki var spurt um fleiri en einn nemenda á hverju heimili.

Í annað sinn fór úrvinnsla niðurstaðna fram í smáforritinu Qlik sense. Skólastjórnendur fá smáforrit þar sem þeir geta skoðað niðurstöður síns skóla í samanburði við Reykjavík í heild, borgarhlutana fimm eða breytingu frá fyrra ári. Skólarnir geta skoðað niðurstöður niður á skólastig, kyn, tungumál og bekkir ef að lágmarki fimm standa að baki svari tiltekins hóps. Svör koma út á grænu ef meðalstig þeirra er fjórir eða hærra, þau koma út á gulu ef stigin eru frá þremur upp í fjóra og á rauðu ef þau eru lægri en þrír. Þessi litakvarði er sá sami og notaður er í viðhorfskönnun starfsfólks Reykjavíkurborgar og er því kunnugur stjórnendum.

Könnuna um grunnskólastarfið og þær breytingar sem voru gerðar á henni milli ára er að finna í fylgiskjali 1, en til þess að geta skoðað samanburð við fyrri könnun er breytingum haldið í lágmarki.

Niðurstöður könnunarinnar um starfsemi grunnskólans

Spurningarnar eru flokkaðar í þrjá flokka: *Líðan í skólanum*, *Nám og kennsla* og *Stjórnun skólans*. Í fylgiskjali 2 er að finna tvær síður úr Qlik sense forritinu sem gefa heildaryfirsýn yfir allar fullyrðingarnar. Á síðunni *Allar spurningar* er að finna niðurstöður spurninganna úr flokkunum þremur auk þess sem dregnar eru fram nokkrar lykilsurningar úr hverjum flokki.

Hlutfall þeirra sem eru á heildina litið ánægðir með skólann og svara heildaránægju-fullyrðingunni *mjög* eða *frekar sammála* eru 81% sem er sama hlutfall og árið 2018. Hlutfall þeirra sem eru mjög sammála hækkaði úr 36% í 40% milli kannana. Foreldrar barna á yngsta stigi eru hér sýnu ánægðari (87%) en foreldrar á unglingastigi (78%).

Líðan í skólanum

Sjö fullyrðingar eru um líðan í skólanum og er meðaltal allra þeirra fyrir Reykjavík í heild 3,98 á fimm punkta kvarða og hefur ekki breyst milli ára. Litlu munar að meðaltalið komi út á grænu. Um 53% skólanna eru með yfir 4 í meðaltali og aðeins í tveimur tilvikum kemur fullyrðing hjá skólum út á rauðu. Um 83% foreldra eru *mjög* eða *frekar sammála* fullyrðingunni *barninu mínu líður vel í skólanum*. Kynjamunur er vart merkjanlegur en hlutfallið heldur lægra fyrir miðstigið eða 79% og hærra fyrir yngsta stigið eða 88%. Þegar spurt er að því hvort *skólinn taki fljótt og vel á stríðni og einelti* eru 63% *mjög* eða *frekar sammála*. Um 21% svara hvorki né sem getur endurspeglað að þeir hafi ekki reynslu af úrlausn eineltismála og eiga því erfitt með að svara öðru. Ekki er mikill munur á milli kynja en foreldra barna á yngsta stigi eru heldur ánægðari en 68% eru *frekar* eða *mjög sammála*. Um smávægilega lækkun er að ræða frá 2018 þegar hlutfallið var 64%.

Nám og kennsla:

Sjö fullyrðingar eru um nám og kennslu og er meðaltal þeirra 3,90 m.v. 3,86 árið 2018. Fleiri skólar mælast á gulu en grænu þegar allar fullyrðingarnar eru teknar saman en tæpur þriðjungur skólanna mælist með meðalstig yfir fjórum. Hlutfall foreldra sem eru *mjög* eða *frekar sammála* því að *börnin þeirra séu áhugasöm um að læra í skólanum* er 78% sem er hærra en árið áður þegar spurt var um hvort þeim þætti *gaman að læra* eða 74%. Foreldrar strákanna eru síður *sammála* en foreldrar stelpnanna. Þá lækkar hlutfall þeirra sem eru sammála eftir því sem börnin eldast. Um 80% foreldra stráka á yngsta stigi eru *frekar* eða *mjög sammála* því að þeir séu áhugasamir um að læra í skólanum en hlutfallið er komið niður í 62% hjá foreldrum stráka á

unglingastigi. Sambærilegar tölur fyrir foreldra stelpna eru 90% á yngsta stigi og 81% á unglíngastigi. Svipaða þróun er að finna í svari við fullyrðingunni *Barnið mitt tekur stöðugum framförum í náminu*. Hlutfallið sem er *frekar* eða *mjög sammála* er um 90% hjá báðum kynjum á yngsta stigi, sem er hækkun frá 87% árið 2018, en fer niður í 79% hjá stelpum á unglíngastigi og 66% hjá strákuðum á unglíngastigi.

Stjórnun skólans

Undir þennan flokk falla sex fullyrðingar ásamt fullyrðingu um heildaránægju með skólann og hvort foreldrar geti mælt með skólanum við aðra foreldra en þeirri spurningu var bætt við í ár. Meðaltalið hér er 3,86 og kom um þriðjungur skólanna út á grænu. Um 76% foreldra eru *mjög* eða *frekar sammála* því að skólanum sé vel stjórnað en var 75% árið 2018, svipað hlutfall eða um 77% segjast *frekar* eða *mjög sammála* því að þeir geti mælt með skólanum við aðra foreldra en þeirri spurningu var bætt við í ár. Ekki er mikill munur eftir kyni barns en foreldrar barna á yngsta stigi eru almennt jákvæðari en foreldrar barna á mið- og unglíngastigi.

Auk spurninga í þessum flokki voru foreldrar barna á yngsta stigi beðnir um að svara til um *hversu vel eða illa skipting milli skólastiga frá leikskóla í grunnskóla og frístundaheimili hefði gengið* og sögðu tæp 88% að hún hefði gengið *frekar* eða *mjög vel*.

Niðurstöður könnunarinnar um starfsemi félagsmiðstöðvanna

Foreldrar barna í 5. – 10. bekk fengu í fyrsta sinn spurningar um félagsmiðstöðvarstarfið. Fékk hver félagsmiðstöð sínar niðurstöður í nýju Qlik sense smáforriti. Foreldra voru spurðir hvort börn þeirra tækju þátt í starfinu í félagsmiðstöðinni. Um 37% barna á miðstigi sögðust *aldrei* eða *nánast aldrei* taka þátt og gáfu flestir ástæðuna að barnið væri upptekið í öðru skipulögðu frístundastarfi. Á unglíngastigi hafði tæpur fjórðungur aldrei eða nánast aldrei tekið þátt en rúmlega 36% mætir vikulega eða oft og tæp 30% nokkrum sinnum á önn. Stærstur hluti foreldra barna sem nýta sér að taka þátt í félagsmiðstöðvarstarfi telja opnunartíma hæfilegan. Rúmlega 85% foreldra eru *frekar* eða *mjög ánægðir* með félagsmiðstöðina sem barnið þeirra sækir og tæp 85% eru *frekar* eða *mjög sammála* því að *þátttaka í félagsmiðstöðvarstarfinu hafi jákvæð félagsleg áhrif á barn sitt*. Ekki er að greina mun á milli kynja en ánægja foreldra barna á unglíngastigi er sýnu meiri en barna á miðstigi en það getur skýrst af því að 10-12 ára starfið er mun minna í sniðum en unglíngastarfið.

Niðurstöður könnunarinnar um sértækan stuðning við börn og starfsemi skólaþjónustunnar

Í ár var bætt við spurningum um *hvort að barnið hafi notið sérrúræða eða sértækra aðstoðar í skólanum* og svara tæp 30% foreldra því til. Um 73% þeirra sem sögðu já voru *frekar* eða *mjög sammála* að *heildstætt hefði verið tekið á málum barnsins*, 76% að *þjónustan hefði verið gagnleg* og 64% að *tekið hefði verið tímanlega/innan ásættanlegs tíma á málum barnsins*.

Í kjölfarið var spurt hvort barnið eða foreldrar þess hefðu þegið þjónustu skólaþjónustunnar og nánar um upplifun foreldrum af þeirri þjónustu. Svöruðu 1029 manns því játandi. Niðurstöður þessarar hluta könnunarinnar voru teknar saman og kynntar fyrir þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar, en ekki settar upp í Qlik sense smáforriti. 72% foreldra sögðu *upplifun sína af þjónustu skólaþjónustunnar vera frekar* eða *mjög góða*, 52% töldu að *samvinna skóla og skólaþjónustu ganga frekar* eða *mjög vel*. Rúm 50% töldu að þjónustan hefði verið *frekar* eða *mjög* mikið til hagsbóta en 24% svaraði því hvorki né.

Fylgiskjal 1

Spurningar viðhorfskönnunar foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur 2020

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

Svarmöguleikar: *Mjög sammála, Frekar sammála, Hvorki né, Frekar ósammála, Mjög ósammála*

Líðan í skólanum

Barnið mitt fær góðan stuðning frá kennurum sínum

Barninu mínu finnst það vera öruggt í skólastarfinu

Barninu mínu er mætt með sanngirni í skólastarfinu

Í skólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins

Skólinn tekur fljótt og vel á stríðni og einelti

Agi í skólanum er góður

Barninu mínu líður vel í skólanum

Nám og kennsla

Barnið mitt er áhugasamt um að læra í skólanum

Barnið mitt tekur stöðugum framförum í náminu

Barnið mitt er hvatt til þess að leggja sig fram í náminu

Ég hef tekið þátt í að setja barninu markmið í námi

Ég fæ góðar upplýsingar um námsmarkmið barnsins með reglubundnum hætti

Ég fæ góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barnsins með reglubundnum hætti

Heimanám barnsins hefur skýr markmið og er vel skipulagt

Stjórnun skólans

Ég þekki stefnu og gildi/einkunnarorð skólans

Skólinn/kennarinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum

Ábendingar mínar eru teknar til greina

Það er gott upplýsingaflæði um skólastarfið

Skólastjórnendur eru til staðar í daglegu starfi

Skólanum er vel stjórnað

Ég get mælt með skólanum við aðra foreldra

Þegar á heildina er litið, er ég ánægð(ur) með skólann

Hefur barnið þitt notið sérúrræða og/eða sérstakrar aðstoðar vegna náms-, hegðunar- eða annarra örðugleika í skólanum? Svarmöguleikar: Já, Nei, Nei, en það er komið í ferli, Nei, en þess þyrfti, Veit ekki

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um sérúrræðin/sérstöku aðstoðina. Svarmöguleikar: *Mjög sammála, Frekar sammála, Hvorki né, Frekar ósammála, Mjög ósammála*

Heildstætt var tekið á málum barnins míns

Tekið var tímanlega/innan ásettannlegs tíma á málum barnsins míns

Þjónustan var gagnleg.

Fyrir foreldra barna í 1. – 4. bekk:

Hversu vel eða illa gekk breytingin/skiptingin á milli skólastiga frá leikskóla upp í grunnskóla og frístundaheimili. Svarmöguleikar: *Mjög vel, Frekar vel, Hvorki né, Frekar illa, Mjög illa*

Breytingar á könnun frá fyrra ári.

Spurningunni *Ég get mælt með skólanum við aðra foreldra* var bætt við könnunina sem og spurningum um hvernig skiptin milli skólastiga, þ.e. frá leikskóla upp í grunnskóla og frístundaheimili gengur. Aðeins foreldrar í 1. - 4. bekk fengu þá spurningu. Þá var spurt um hvort barnið hefði notið sérúrræða og/eða sérstakrar aðstoðar vegna náms-, hegðunar- eða annarra örðugleika í skólanum, og því næst nánar út í hvernig sú þjónusta var og má sjá niðurstöður þeirra spurninga í sér síðu í smáforritinu. Eftirfarandi spurningum var breytt á þennan hátt

- *Barnið mitt er áhugasamt um að læra í skólanum* var áður *Barninu finnst gaman að læra í skólanum*
- *Skólinn/kennarinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum* var áður *Skólinn leitar til mín eftir tillögum og hugmyndum*
- *Skólastjórnendur eru til staðar í daglegu starfi* var áður *Skólastjórnendur eru sýnilegir í daglegu starfi*
- *Ég fæ góðar upplýsingar um námsmarkmið barnsins með reglubundnum hætti* var áður *Ég fæ reglulega góðar upplýsingar um námsmarkið barnsins*

Fylgiskjal 2 – Niðurstöður úr könnun á viðhorfum foreldra barna í grunnskólum

Meðalskor spurninga í foreldrakönnun 2020

SpurningFlokkur 	Values						
	Heildarmeðaltal í Reykjavík	Heildarmeðaltal	Meðaltal stúlkna	Meðaltal drengja	Meðaltal - Yngsta stig	Meðaltal - Miðstig	Meðaltal - Unglingastig
Líðan í skólanum	3,98	3,98	3,99	3,96	4,14	3,87	3,89
Agi í skólanum er góður	3,62	3,62	3,59	3,64	3,84	3,47	3,48
Barnið mitt fær góðan stuðning frá kennurum sínum	4,15	4,15	4,17	4,13	4,35	4,07	3,97
Barninu mínu er mætt með sanngirni í skólastarfinu	4,14	4,14	4,18	4,11	4,31	4,03	4,04
Barninu mínu finnst það vera öruggt í skólastarfinu	4,24	4,24	4,26	4,21	4,32	4,15	4,23
Barninu mínu líður vel í skólanum	4,12	4,12	4,15	4,10	4,25	3,99	4,10
Í skólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins	3,87	3,87	3,88	3,85	4,06	3,76	3,73
Skólinn tekur fljótt og vel á stríðni og einelti	3,63	3,63	3,63	3,63	3,75	3,56	3,56
Nám og kennsla	3,90	3,90	3,97	3,83	4,08	3,82	3,77
Barnið mitt er áhugasamt um að læra í skólanum**	3,97	3,97	4,18	3,77	4,20	3,87	3,80
Barnið mitt er hvatt til þess að leggja sig fram í náminu	4,17	4,17	4,20	4,13	4,34	4,08	4,05
Barnið mitt tekur stöðugum framförum í náminu	4,01	4,01	4,11	3,91	4,29	3,88	3,79
Ég fæ góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barnsins með reglubundnum hætti*	3,77	3,77	3,82	3,71	3,88	3,69	3,70
Ég fæ góðar upplýsingar um námsmarkmið barnsins með reglubundnum hætti*	3,75	3,75	3,82	3,67	3,85	3,71	3,65
Ég hef tekið þátt í að setja barninu markmið í námi	4,00	4,00	3,96	4,04	4,05	3,97	3,96
Heimanám barnsins hefur skýr markmið og er vel skipulagt	3,67	3,67	3,72	3,62	3,98	3,53	3,42
Stjórnun skólans	3,86	3,86	3,87	3,85	3,97	3,77	3,82
Ábendingar mínar eru teknar til greina	3,58	3,58	3,56	3,60	3,74	3,47	3,50
Ég get mælt með skólanum við aðra foreldra	4,02	4,02	4,05	3,99	4,19	3,88	3,95
Ég þekki stefnu og gildi/einkunnarorð skólans	3,56	3,56	3,55	3,56	3,55	3,57	3,55
Skólanum er vel stjórnað	3,92	3,92	3,94	3,91	4,02	3,78	3,94
Skólastjórnendur eru til staðar í daglegu starfi**	3,97	3,97	3,97	3,97	4,06	3,87	3,97
Það er gott upplýsingaflæði um skólastarfið	3,85	3,85	3,90	3,81	3,96	3,80	3,78
Pegar á heildina er litið, er ég ánægð(ur) með skólann	4,09	4,09	4,11	4,08	4,26	3,98	4,01

Barninu líður vel í skólanum

4,12^{4,12}
Samanburður

Tekið á stríðni og einelti

3,66^{3,68}
Samanburður


Barnið tekur framförum

4,01^{4,01}
Samanburður

Skólanum er vel stjórnað

3,92^{3,94}
Samanburður


Meðalskor spurninga er varða líðan í skólanum



Meðalskor spurninga er varða nám og kennslu



Meðalskor spurninga er varða stjórnun skólans




Reykjavík í heild

Hlutfall sérúrræða
29,6%

Skipting úr leikskóla gekk vel

87,8%

Meðalskor spurninga er varða sérúrræði/sérstaka aðstoð



Fylgiskjal 3 – Niðurstöður úr könnun á viðhorfum foreldra barna í 5. -10. bekk á starfi félagsmiðstöðva

Meðalskor spurninga í foreldrakönnun 2020

Spurning	Heildarmeðaltal í Reykjavík	Heildarmeðaltal	Meðaltal stúlkna	Meðaltal drengja	Meðaltal - 10-12 ára starf	Meðaltal - Unglingastarf
Heildarmeðaltal alla spurninga	4,03	4,03	4,04	4,03	3,94	4,11
Dagskrá félagsmiðstöðvarinnar höfðar vel til barnsins míns	3,87	3,87	3,87	3,86	3,78	3,93
Ég er almennt ánægð(ur) með félagsmiðstöðina sem barnið mitt sækir	4,22	4,22	4,22	4,23	4,08	4,34
Húsnæði og aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar	3,60	3,60	3,60	3,59	3,52	3,66
Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar sýnir barninu áhuga og umhyggju	4,15	4,15	4,14	4,15	3,99	4,26
Upplýsingagjöf um hvað er á döfinni o.fl. í félagsmiðstöðinni	4,14	4,14	4,13	4,15	4,12	4,16
Þátttaka í félagsmiðstöðvarstarfinu hefur jákvæð félagsleg áhrif á barnið mitt	4,20	4,20	4,22	4,18	4,08	4,29